

Lagabreytingartillaga fyrir aðalfund 31. mars 2023

Stjórn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga leggur til breytingar á 4. gr. og 5. gr. laga félagsins. Í 4. grein núverandi laga er vísað í lög sem nú eru fallin úr gildi.

Lagt er til að 4. gr. og 5. gr. laga Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga hljóði svo:

4.gr.

Félagsaðild er óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda eða ráðningarformi.

Fullgildir félagsmenn geta þeir orðið sem greiða félagsgjöld og hafa lokið viðurkenndu prófi í viðskiptafræði eða hagfræði eða hafa lokið annarri námsgráðu á háskólastigi sem inniheldur að lágmarki 120 ECTS einingar af viðskipta- og hagfræðigreinum. Einnig geta þeir sem lokið hafa annarri háskólagráðu og eru í starfi þar sem viðskiptafræði- eða hagfræðimenntun nýtist fengið aðild að félaginu.

Bæði viðskiptafræðingar og hagfræðingar sem starfa sem slíkir, þ.e. nýta þekkingu sína og menntun í viðkomandi starfi, og eru launamenn eða sjálfstætt starfandi, geta átt félagsaðild að KVH.

Aukaaðild geta fengið:

- a) Námsmenn í viðskiptafræði eða hagfræði á háskólastigi, sem lokið hafa a.m.k. einu námsári í fræðigreininni eða sem svarar 60 ECTS einingum.
- b) Viðskiptafræðingar eða hagfræðingar sem eru í framhalds- eða doktorsnámi.
- c) Félagmenn sem verða lífeyrisþegar og láta af störfum vegna aldurs.
- d) Viðskiptafræðingar og hagfræðingar sem starfa tímabundið erlendis.
- e) Viðskiptafræðingar og hagfræðingar sem eru tímabundið atvinnulausir (enda greiði þeir ekki félagsgjöld af atvinnuleysisbótum).
- f) Viðskiptafræðingar og hagfræðingar sem eru tímabundið utan vinnumarkaðar vegna veikinda eða fjölskylduáðstæðna.

Aukaaðild felur í sér heimild til þátttöku í starfsemi félagsins, með málfrelsi og tillögurétti og öðrum réttindum að ákvörðun stjórnar hverju sinni, þó ekki með atkvæðisrétti eða kjörgengi til nefndastarfa og stjórnar.

Þeir sem eru aukaaðilar og þiggja ekki laun, greiða heldur ekki félagsgjöld á sama tíma.

Námsmenn sem starfa með námi og aðrir aukaaðilar sem þiggja laun, greiða félagsgjöld og njóta réttinda samkvæmt ákvörðun stjórnar á hverjum tíma. Námsmannaaðild í grunnnámi (BA/BS próf) getur ekki varað lengur en fjögur ár samtals.

Lagt er til að 5. gr. hljóði svo:

5.gr.

Beiðni um inngöngu í félagið skal senda framkvæmdastjóra þess, sem skal taka umsóknina til úrskurðar og tilkynna umsækjanda um niðurstöður. Umsóknina skal send inn annað hvort með rafrænni umsókn á heimasíðu félagsins eða skriflega með öðrum hætti. Með umsókn skulu m.a. fylgja eftirtalin gögn:

- a) Staðfesting á háskólaprófi, ásamt samantekt námseininga í viðskipta- og hagfræði.
- b) Persónuupplýsingar (nafn, kennitala, heimilisfang, póstnúmer, netfang, sími).
- c) Atvinnuupplýsingar (starfsheiti, launagreiðandi, vinnustaður)

Höfnun um aðild má vísa til stjórnar. Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá inngönguskilyrðum.